



Co-funded by
the European Union

Handbók Netöryggisstyrks Eyvarar

Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

Haust 2025

1. Inngangur.....	2
Tímasetningar	2
2. Reglur og leiðbeiningar	3
2.1 Hverjir geta sótt um netöryggisstyrk	3
2.2 Styrktegundir og styrkuppþæðir	3
2.3 Samþykktir netöryggisflokkar.....	4
2.4 Viðurkenndur kostnaður í verkefnum	5
3. Kostnaður	5
3.1 Laun og launatengd gjöld	5
3.2 Annar kostnaður	5
3.3 Óstyrkhæfur kostnaður	7
3.4 Útboð og innkaupareglur	7
4. Gerð umsókna	8
4.1 Verkefnislýsing	8
4.2 Önnur fylgigögn.....	8
4.3 Trúnaður.....	9
5. Mat umsóknar af fagráði	9
5.1 Matspættir.....	10
5.2 Fagráð og stjórn	11
6. Styrkveitingar og samningur um framkvæmd verkefna	12
6.1. Ákvörðun um styrkveitingu	12
6.2 Greiðslur styrkra verkefna	12
6.3 Birting og miðlun niðurstaðna	12
7. Eftirfylgni.....	13
7.1 Verkefnisstjóri og samskipti.....	13
7.2 Lokaskýrsla	14
7.3 Nánari upplýsingar.....	14

1. Inngangur

Handbók netöryggisstyrks Eyvarar er fyrir umsækjendur og aðra hagaðila. Handbókin er uppfærð fyrir hvern auglýstan umsóknarfrest og gildir fyrir tiltekið umsóknartímabil. Markmið handbókarinnar er að auka gagnsæi ferilsins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og ut anumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni er að finna kynningu á úthlutunarreglum styrksins auk ýmissa gagnlegra upplýsinga um réttindi og skyldur styrkþega og eru umsækjendur hvattir til að lesa hana í heild sinni. Úthlutunarreglurnar eru aðgengilegar á síðu [Eyvarar](#) (NCC-IS).

Netöryggisstyrkur heyrir undir innviðaráðherra, og er veittur á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Styrkurinn er að helmingi fjármagnaður með [Digital Europe áætlun](#) Evrópusambandsins og að helmingi af ríkissjóði. Hlutverk styrksins er að styðja verkefni á sviði netöryggis á Íslandi. Styrknum er ætlað að efla aðlögun og innleiðingu á nýjum netöryggislausnum og hönnun þeirra meðal íslenskra fyrirtækja og opinberra aðila.

Netöryggisstyrknum er úthlutað frá National Coordination Centre á Íslandi, [Eyvör](#), og sér Rannís um umsýslu styrksins. Umsóknir um styrki eru metnar út frá hlutverki og áherslum Eyvarar hverju sinni og hvort umsóknin stuðli að sértæku markmiði nr. 3 í [vinnuáætlun Digital Europe 2021 – 2022](#) sem lýtur að því að tryggja víðtæka innleiðingu og þekkingu á netöryggislausnum innan Evrópuríkja. Sérstök áhersla er á þekkingaruppbyggingu og innleiðingu nýjustu netöryggislausna meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en einnig er horft til samstarfs atvinnulífsins og opinberra aðila í samræmi við [Netöryggisstefnu Íslands 2022 – 2037](#).

Eyvör er hluti af neti evrópsku sérfræðimiðstöðvarinnar í netöryggi, [European Cyber Security Competence Centre \(ECCC\)](#), og er þessari stuðningsaðgerð ætlað að uppfylla markmið ECCC, sem skilgreind eru í reglugerð (ESB) 2021/887 frá Evrópusambandinu.

Stjórn Eyvarar ber ábyrgð á úthlutunum netöryggisstyrks og er sjálfstæð og óháð í störfum sínum.

Tímasetningar

- a. Næsti umsóknarfrestur er 1. desember 2025 kl. 15:00. Miðað er við að niðurstaða úthlutunar liggi fyrir um sex vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.
- b. Hver umsóknarfrestur er tilkynntur og birtur á heimasíðu Eyvarar, Rannís og á fjármögnunargátt framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins (EU Funding and Tenders Portal) með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara.

2. Reglur og leiðbeiningar

Netöryggisstyrkur er samkeppnisstyrkur sem veittur er samkvæmt áherslum stjórnar Eyvarar og á grundvelli faglegs mats á gæðum verkefna. Umsækjandi skal taka fram í umsókn hvort verkefnið feli í sér þætti sem þurfi að skoða sérstaklega með tilliti til almennra siðareglna og/eða persónuverndarlaga. Í slíkum tilfellum þarf að útskýra hvaða hluti verkefnisins brjóti mögulega í bága við almennar siðareglur eða persónuverndarlög og hvernig dregið verði úr áhættu á slíku. Ekki er gengið frá styrktarsamningi fyrr en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir. Umsækjanda ber að virða alþjóðlegar reglur og samþykktir þar sem slíkt á við, til dæmis um nýtingu einkaleyfa.

2.1 Hverjir geta sótt um netöryggisstyrk

Netöryggisstyrkur er fyrir íslensk ör-, lítil og meðalstór fyrirtæki, sem og opinberar stofnanir óháð stærð, til að styrkja stöðu sína í netöryggismálum. Í því samhengi ber að líta til skilgreininga sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB nr. 2003/361/EB frá 6. maí 2003 á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum:

- Meðalstór fyrirtæki: Færri en 250 starfsmenn og velta undir 50 milljónum evra eða efnahagsreikningur undir 43 milljónum evra.
- Lítil fyrirtæki: Færri en 50 starfsmenn og velta eða efnahagsreikningur undir 10 milljónum evra.
- Örfyrirtæki: Færri en 10 starfsmenn og velta eða efnahagsreikningur undir tveim milljónum evra.

Fyrirtæki sem sækja um styrk mega vera hluti af stærri samstæðu, svo lengi sem þau, að teknu tilliti til tengdra og samstarfsfyrirtækja samkvæmt ESB skilgreiningu, flokkast sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki. Hvatt er sérstaklega til samstarfs fyrirtækja og opinberra stofnanna, sér í lagi ef þau starfa innan mikilvægra innviða,¹ en einnig getur fyrirtæki sótt um styrkinn án aðkomu samstarfsaðila. Umsóknir sem fela í sér samstarf tveggja lögaðila fá því 5% hærri einkunn (sjá matsblað). En ef verkefnið felur í sér aðkeypta þjónustu þá má verksali ekki einnig að vera meðumsækjandi.

2.2 Styrktegundir og styrkuppphæðir

Veittur styrkur getur að hámarki verið 15.000.000 kr. fyrir hvert verkefni. Mótframlagskrafa upp á 20% er einnig sett fyrir hverja úthlutun. Með öðrum orðum þarf styrkþegi að fjármagna að minnsta kosti 20% af heildarkostnaði við verkefnið sem sótt er um. Skilyrði er að

¹ Sjá [lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða](#).

bókfærður kostnaður við verkefnið sé að lágmarki jafnhár styrkuppþæð og mótframlagi sem veitt er til verkefnisins. Ef við á, þarf að tilgreina í umsókn alla fjármögnun sem verkefnið hefur áður hlotið og hvaðan, t.d. frá ríki, sveitarfélagi, Evrópusambandinu eða öðrum opinberum aðilum. Netöryggisstyrkur veitir ekki stuðning vegna kostnaðar sem umsækjandi hefur þegar hlotið aðra opinbera styrki fyrir. Það er að segja, ekki er hægt að sækja um styrk vegna kostnaðar sem fellur til **fyrir** umsóknarfrest og ekki er hægt að sækja um styrk fyrir kostnaði sem hefur verið fjármagnaður með öðrum hætti.

Stuðningur netöryggisstyrks fellur undir svokallaða minniháttar aðstoð (de minimis).² Reglugerð Framkvæmdastjórnar ESB um minniháttar aðstoð heimilar veitingu aðstoðar sem nemur allt að €300.000 til hvers viðtakanda, yfir þriggja ára tímabil.³ Í þeim opinberu styrkjum sem falla undir minniháttar aðstoð lýsa styrkþegar því yfir að þeir hafi ekki á síðastliðnum tveimur reikningsárum auk yfirstandandi reikningsárs, fengið styrki frá opinberum aðilum sem teljast til minniháttar aðstoðar, sem nema hærri upphæð en €300.000 að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Ef heildarstyrkur minniháttar aðstoðarinnar, að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um, fer yfir €300.000, getur styrkþegi ekki hlotið neinn hluta þess styrks sem sótt er um. Við mat á því hvort framangreindu hámarki er náð, skal reikna styrkígildi aðstoðar, sem veitt er í öðru formi en beinum styrkjum (t.d. lán með hagstæðum kjörum) samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrktarreglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

2.3 Samþykktir netöryggisflokkar

Netöryggisstyrkur styður við verkefni á sviði netöryggislausna sem stuðla að hönnun, þróun og innleiðingu nýrra netöryggislausna. Styrkveiting ætti að leiða til þess að íslensk fyrirtæki bæti núverandi netöryggisgetu sína með innleiðingu nýrra lausna og verkefnin skulu vera til þess fallin að auka þekkingu og vitund um mikilvægi netöryggislausna á Íslandi. Áherslur styrksins eru settar fram fyrir hverja úthlutun og eru mótaðar út frá eftirfarandi flokkum:

- Efling netöryggismenningar og vitundar
- Hagnýt menntun, rannsóknir og þróun
- Örugg stafræn þjónusta og nýsköpun
- Öflug löggæsla, netvarnir og þjóðaröryggi
- Skilvirk viðbrögð við atvikum
- Sterkir innviðir, tækni og lagaumgjörð

² Sjá [reglur Tæknipróunarsjóðs Rannís](#) varðandi minniháttar aðstoð.

³ <https://www.efta.int/sites/default/files/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32013R1407.pdf>

2.4 Viðurkenndur kostnaður í verkefnum

Viðurkenndur kostnaður miðast við áherslur hvernar úthlutunar og skal vera í samræmi við þá verkþætti sem framkvæmdir eru til að ná skilgreindum markmiðum verkefnisins (sjá nánar í næsta kafla). Styrkþega ber að haga bókhaldi sínu á þann hátt sem kveðið er á um í lögum um bókhald nr. 145/1994 og með þeim hætti að hægt sé að rekja notkun fjármagnsins með auðlæsilegum hætti úr bókhaldi.

3. Kostnaður

3.1 Laun og launatengd gjöld

Netöryggisstyrkur styður launakostnað vegna vinnu við verkefnið. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsókn er skilað en vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir verður að vera skilgreint í umsókn. Netöryggisstyrkur styður ekki við greiðslu launa til þeirra sem eru í fullu starfi í öðrum verkefnum, þ.e. viðkomandi þarf að starfa að umræddu verkefni netöryggisstyrks í a.m.k. 30% starfshlutfalli. Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjara- og stofnanasamninga við útreikning launa, þ.e. ekki er hægt að nota útseldan texta til viðmiðunar við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum.

3.2 Annar kostnaður

Undir annan kostnað fellur kostnaður vegna nauðsynlegra aðfanga, svo sem tækja- eða vöruleiga fyrir verkefnið, sem og ferðakostnaður og aðkeypt þjónusta. Lýsa skal aðkeyptri þjónustu í „Verkefnislýsingu“ í rafræna umsóknarkerfinu, hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki. Gera skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila og hvað þjónustan kostar. Hægt er að nýta styrkinn til að greiða kostnað vegna sérhæfðra tækja og búnaðar sem afla þarf vegna verkefnisins. Þá er heimilt að telja til kostnað sem fellur til vegna tækja- eða vöruleigu eða áskriftarleyfi samkvæmt raunkostnaði á framkvæmdatíma verkefnisins. Þessi stuðningur nær þó ekki til almennra skrifstofutækja. Gera þarf grein fyrir þörfinni á umræddum tækjum og búnaði í „Verkefnislýsingu“ og skýra hvers vegna umræddur kostur er valinn.

Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði sundurliðuðum í viðeigandi reitum í „2.2 Kostnaður“ í rafræna umsóknarkerfinu. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur og allar stærri breytingar á kostnaði⁴ þarf að bera undir og skal vera samþykktur af umsjónarmanni

⁴ Miðað er við breytingar umfram 20% m.v. upprunalega kostnaðaráætlun.

netöryggisstyrks. Það verður að vera hægt að rekja kostnað og því er nauðsynlegt að kostnaður sé skráður (t.d. í töflureikni) fyrir fjárhagsskýrslu og endurskoðun.

Dæmi um styrkhæf netöryggisverkefni:

- Efling netöryggismenningar og vitundar.
- Hagnýt menntun, rannsóknir og þróun.
- Örugg stafræn þjónusta og nýsköpun. Dæmi: nýsköpunarfyrirtæki geta sótt um að þróa aðferðir eða lausnir sem hægt væri að bjóða upp á sem þjónustu.
- Öflugri löggæsla, netvarnir og þjóðaröryggi.
- Þróun skilvirkra viðbragða við atvikum og ógnum. Dæmi: álagsprófanir, siðferðisleg hökkun (e. ethical hacking) og viðbragðsæfingar fyrir netvá. Nokkur fyrirtæki eða stofnanir gætu sameinast til þess að vera með netöryggisæfingu.
- Styrking innviða, tækni og lagaumgjörðar.
- Lausnir sem tengjast gagnavernd, s.s. öryggisafriti af gögnum, utanáliggjandi hörðum diskum (e. external hard drives) og skjýjalausnum.
- Semja eða bæta netöryggisáætlun.
- Stuðla að samstarfi hagsmunaaðila í netöryggismálum.
- Undirbúningur fyrirtækis eða einstaklings fyrir netöryggisvottun, t.d. ISO/IEC 27001, CISSP o.s.frv.

Dæmi um styrkhæfa verkþætti:

- Launa- og starfsmannakostnaður að því gefnu að styrkur fari eingöngu til vinnu sem helgaður er verkefninu. Leyfilegt er þó að starfshlutfall viðkomandi að verkefni netöryggisstyrks sé á bilinu 30%-100%.
- Þjálfun í netöryggi fyrir starfsmenn, t.d. upplýsingatækni- og öryggisstjórnendur, sem hluti af netöryggisáætlun.
- Aðkeypt þjónusta, s.s. sérfræðiþjónusta og ráðgjöf í netöryggi.
- Kaup eða leiga á tækjabúnaði og/eða innviðum sem tengjast netöryggi.
- Ferðakostnaður og þátttaka í viðburðum eða námskeiðum sem tengjast viðfangsefni verkefnisins.

- Áskriftarleyfi, t.d. fyrir netöryggishugbúnað.

3.3 Óstyrkhæfur kostnaður

Netöryggisstyrk má almennt ekki nota vegna kostnaðar við samrekstur eða aðstöðu (e. overhead)⁵ og ekki fyrir kostnað sem stafar af þjónustu sem keypt er af hagsmunaaðilum fyrirtækisins, t.d. af fyrirtækjum eða einstaklingum sem hafa beina tengingu við styrkþega. Hagsmunaaðilar geta t.d. verið stjórnarmaður/varamaður, ábyrgðaraðili fyrirtækisins, starfsmaður fyrirtækis og/eða nánin fjölskyldumeðlimur. Styrkþegi ber ábyrgð á því að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um mögulega hagsmunaárekstra.

Dæmi um óstyrkhæfan kostnað:

- Samrekstur eða aðstaða.
- Kostnaður sem snýr ekki beint að verkefninu.
- Starfsemi sem ekki er í samræmi við markmið verkefnisins.
- Viðfangsefni sem tekur ekki á netöryggisáhættum eða ógnum.
- Þjónusta keypt af fyrirtæki/fyrirtækjum þar sem hagsmunaárekstrar eru til staðar.
- Kostnaður vegna kaupa eða uppfærslu á tækjabúnaði sem tengjast ekki verkefninu.
- Netöryggistrygging.
- Kostnaður vegna sendinga á tækjabúnaði, vélum o.þ.h.
- Kostnaður vegna viðgerða og viðhalds á tækjum, búnaði og fasteignum.

3.4 Útboð og innkaupareglur

Styrkþegi skal fara eftir almennum innkaupalögum ([lög um opinber innkaup nr. 120/2016](#)) og ber að framkvæma öll innkaup á sem hagkvæmastan hátt. Það er hægt t.d. með því að óska eftir tilboðum frá fleiri en einum birgja varðandi vöru og/eða þjónustu og með einfaldri leit á netinu og þannig athuga verðsamanburð. Rökstyðja þarf innkaup og gögn sem tengjast tilboðsbeiðnum og skulu þau varðveitt og afhend umsjónarmanni netöryggisstyrks sé þess óskað.

⁵ Samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkefnum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, reksturs tölvubúnaðar o.s.frv.

4. Gerð umsókna

Tekið er við umsóknum í [rafrænu umsóknarkerfi Rannís](#). Rafrænt umsóknareyðublað er bæði á íslensku og ensku og því í lagi að umsóknum sé skilað á öðru hvoru tungumáli. Hins vegar er þess krafist að heiti verkefnis og stutt lýsing sé bæði á íslensku og ensku, og er sá texti ætlaður til opinberrar birtingar. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfresti lýkur. Ef umsókn er framhaldsumsókn af verkefni sem þegar er hafið þarf að gera grein fyrir framgangi verkefnis í „Verkefnislýsingu.“ Allar umsóknir fá úthlutað umsóknarnúmeri sem hægt er að nota í samskiptum við Rannís.

4.1 Verkefnislýsing

„Verkefnislýsing“ er að finna í rafræna umsóknarforminu. Gera skal góða grein fyrir þeim afurðum sem verkefninu er ætlað að skila, hvernig þær eru hagnýttar, hverjir séu líklegir endanotendur þeirra afurða og að hvaða leyti hugmyndin sé líkleg til að efla netöryggisvarnir. Jafnframt skal gera skilmerkilega grein fyrir núverandi stöðu verkefnis og leið að markmiði þess. Mikilvægt er að eftirfarandi atriði komi fram:

- Markmið verkefnisins, áhrif á netöryggi og samfélag, nýnæmi, raunhæfi, núverandi staða verkefnis og samstarf ef á við.

Gerð er krafa til umsækjenda að „Verkefnislýsing“ sé greinargóð og vönduð, og að fagráð geti metið verkefnið samkvæmt þeim upplýsingum sem þar koma fram. Ef fagráð getur ekki gert sér grein fyrir verkefninu með lestri á textanum er umsókninni vísað frá og fær ekki fullt mat. Hámarkslengd „Verkefnislýsingar“ er 10.000 stafabil.

Tilgreina skal verkefnisstjóra sem ber ábyrgð gagnvart netöryggisstyrk á framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslega sem verklega. Starfsmenn Rannís svara ekki fyrirspurnum vegna tiltekinna verkefna nema frá verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri eða stjórn fyrirtækis/stofnunar getur tilkynnt að nýr einstaklingur muni taka við sem verkefnisstjóri. Ef um samstarfsverkefni er að ræða skulu allir meðumsækjendur í samstarfsverkefnum staðfesta nýjan verkefnisstjóra og þarf sú tilkynning að berast Rannís til staðfestingar. Endanleg ákvörðun um breytingu á verkefnisstjóra er háð samþykki starfsfólks Rannís.

4.2 Önnur fylgigögn

Senda má hlekk á myndskrá þar sem verkefnið er kynnt. Myndskráin skal ekki vera lengri en **fimm mínútur**. Umsækjendur geta notað veitur eins og Youtube, Vimeo eða aðrar sambærilegar. Myndskráin skal vera aðgengileg þar til úthlutun liggur fyrir.

Einnig má fylgja með glærukynning að hámarki **10 glærur** (þ.m.t. forsiða, heimildarskrá o.s.frv.) sem unnin skal í Powerpoint eða öðru sambærilegu forriti. Kynningin á að vera á PDF formi þegar hún er send inn. Ekki er tekið við skrá stærri en 10 MB. Æskilegt er að glærur séu einfaldar, skýrar, hnitmiðaðar og innihaldi ekki mikið af þéttum texta.

Ferilskrá tengiliðs/verkefnisstjóra skal fylgja með umsókn sem viðhengi. Önnur fylgigögn en þau sem minnst er á í þessum kafla eru ekki leyfð.

4.3 Trúnaður

Umsóknir, þar með talið viðhengi umsókna og matsblöð, flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en starfsmönnum Rannís, fagraði og stjórn netöryggisstyrks í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá Rannís. Lýsing í hnotskurn á verkefninu, auk heiti verkefnis, er þó undanskilið trúnaði og er birt á íslensku og ensku á úthlutunarsíðu Rannís og vefsíðu Eyvarar. Þar sem lýsing í hnotskurn á verkefninu og heiti verkefnis er undanskilið trúnaði skulu umsækjendur gæta sín á því að þar komi ekkert fram sem getur valdið fyrirtækinu öryggis- eða fjárhagslegum skaða. Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá netöryggisstyrki eru bundnir þagnarheiti. Í skráningareyðublaði umsóknar er hægt að taka fram ef sérstaklega er óskað eftir því að ákveðnir einstaklingar lesi ekki yfir umsóknina.

5. Mat umsóknar af fagraði

Fagrað netöryggisstyrks leggur mat á umsóknir með hliðsjón af hlutverki styrksins og auglýstum áherslum hverju sinni. Forsenda þess að umsókn sé metin hæf til faglegs mats er að hún byggji á vel mótaðri hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Umsóknum sem ekki uppfylla lágmarksformkröfur styrksins verður vísað frá áður en fagrað styrksins metur umsóknirnar. Stjórn Eyvarar hefur heimild til að afla álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum, gerist þess þörf. Í slíkum tilvikum er fyllsta trúnaðar gætt. Faglegt mat á umsóknum byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem gefnar eru í umsóknum og tilheyrandi fylgigögnum. Við mat á umsóknum ber að hafa gæði verkefnisins í fyrirrúmi. Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á:

- Markmiði verkefnisins, áhrifum á netöryggi og samfélag, nýnæmi og raunhæfi.
- Tíma- og verkáætlun, vörðum, aðferðum og núverandi stöðu hvað snertir áskoranir/áhættur sem fjallað er um í umsókn.
- Verkefnisstjórnun: Tilgreina skal verkefnisstjóra sem ber ábyrgð gagnvart Eyvöru á framkvæmd samningsins.

- Hvort fyrirtækið eða stofnunin falli undir skilgreiningu á mikilvægum innviðum í samræmi við lög nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Umsækjendur sem falla undir þessa skilgreiningu fá aukið vægi í matsferli (5%).
- Fyrirhugaðri birtingu eða kynningu á niðurstöðum.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum í umsókn.

5.1 Matsþættir

Matsþættir eru skilgreindir í samræmi við áherslur hverrar úthlutunar og miðast við a.m.k. eftirfarandi atriði:

- Áhrif.
- Nýnæmi.
- Gæði og hagkvæmni.
- Verkefnisstjórn og samstarf.

Flokkar umsagna / skilgreiningar:

- A1 Frábær umsókn, nánast án veikleika.
- A2 Góð umsókn, minniháttar veikleikar.
- A3 Sæmileg umsókn, nokkrir veikleikar.
- B Umsókn með marga takmarkandi veikleika.
- C Ófullnægjandi umsókn, of margir veikleikar.
- X Umsókn fellur ekki að áherslum styrksins.

Gerð var könnun á vegum Eyvarar um netöryggi hjá bæði opinberum aðilum og aðilum í einkageiranum á Íslandi. Niðurstöður leiddu í ljós að skortur væri á þjálfun starfsfólks í netöryggi sem og tækifærum til símenntunar á þessu sviði. Umsóknir sem falast eftir styrk á þessu sviði, þ.e. sem sækjast eftir því að þjálfar starfsfólk sitt í netöryggi, fá því aukið vægi í matsferlinu (5%). Sjá dæmi um þjálfun starfsfólks:

- **Aukning á netöryggisvitund almennra starfsmanna.** Til dæmis námskeið, almenn auglýsinga- og markaðsherferð, rannsókn á því hvað væri góð aðferð til að auka netöryggisvitund eða þróun efnis fyrir starfsfólk.

- **Aukning á tæknilegri þjálfun sérhæfðs starfsfólks sem sinna netöryggi.** Tæknileg þjálfun gæti t.d. verið námskeið eða undirbúningur fyrir vottun í netöryggi (t.d. CISSP, Security+, o.s.frv.).

Önnur dæmi um þætti sem geta talist umsókn til tekna:

1. **Netöryggi:** Hversu líklegt er að þekking sem aflað verður eða lausnir sem þróaðar verða muni skipta máli fyrir netöryggi?
2. **Ávinningur fyrir atvinnulífið/atvinnugreinina:** Felur verkefnið í sér innleiðingu á lausn sem gerir atvinnulífið/atvinnugreinina netöryggisþolnari? Tekur „Verkefnislýsing“ fram hvaða samstarfsaðilar eru með í verkefninu?
3. **Þekkingarmiðlun milli atvinnugreina:** Bætir lausnin þekkingu, reynslu og gagnamiðlun í netöryggi milli ólíkra atvinnugreina og/eða hins opinbera?
4. **Nýnæmi:** Felur verkefnið í sér þróun nýstárlegrar netöryggislausnar í t.d. tölvu- eða hugbúnaði?
5. **Áherslur á lítil og meðalstór fyrirtæki:** Nýtist verkefnið litlum og/eða meðalstórum fyrirtækjum?
6. **Áhættumat:** Er búið að leggja mat á áhættur sem gætu haft áhrif á verkefnið og verður mótvægisáætlun þróuð til að takast á við þær?
7. **Hagkvæmni:** Að hve miklu leyti má ætla að verkefnið skapi verðmæti fyrir hverja fjárfesta krónu, þar með talið hvort líklegt sé að verkefnið nái markmiðum sínum á sem hagkvæmastan hátt?

5.2 Fagráð og stjórn

Fagráð netöryggisstyrks er skipað sex sérfræðingum með þekkingu á netöryggismálum sem meta styrkhæfi umsókna. Þrír fagráðsmenn meta hverja umsókn fyrir sig. Ef tiltekinn fagráðsmaður er talinn vanhæfur til að meta ákveðna umsókn, munu aðrir fagráðsmenn meta hana. Umræddur fagráðsmaður þarf einnig að víkja af fundinum á meðan fjallað er um viðkomandi umsókn í samræmi við 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Umsækjanda er einnig heimilt að benda á vanhæfi fagráðs- eða stjórnarmanns, sjá nánar lið 1.2 á umsóknareyðublaði. Viðkomandi fagráðs- eða stjórnarmaður fær þá ekki aðgang að umsókninni. Rannís skipar formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna og ber hann ábyrgð á, með hjálp umsjónarmanns styrksins, að samræma vinnu fagráðsins og að fagráðið vinni samkvæmt stefnu og hlutverki netöryggisstyrks og almennum siðareglum. Nöfn fagráðsmanna og stjórnar Eyvarar eru birt á vef Rannís og Eyvarar. Mat fagráðs á umsóknum skal ávallt byggjast á áherslum stjórnar og gæðum umsókna.

Umsækjendur mega ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagraðsmenn eða stjórn meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við fagraðsmann eða stjórn vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli án frekari rökstuðnings.

6. Styrkveitingar og samningur um framkvæmd verkefna

6.1. Ákvörðun um styrkveitingu

Fagrað metur umsóknir og skilar skriflegri greinargerð til stjórnar Eyvarar þar sem umsóknum hefur verið forgangsraðað á grunni hins faglega mats. Mun formaður fagraðs kynna niðurstöður matsins fyrir stjórn Eyvarar. Stjórnin tekur ákvörðun um styrkveitingar og gerir svo tillögur til innviðaráðherra sem staðfestir fjárveitingu. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur svarbréf í hendur með lokamati fagraðs. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar. Upplýsingar um styrkveitingar eru birtar á vef Eyvarar og Rannís. Ákvarðanir sem teknar eru um veitingu styrkja úr netöryggisstyrki eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

Ef umsækjendur hafa athugasemdir fram að færa við mat fagraðs að lokinni úthlutun skal þeim beint til umsjónaraðila netöryggisstyrks hjá Rannís.

6.2 Greiðslur styrktra verkefna

Greiðslur úr netöryggisstyrki eru eftirfarandi:

- Fyrsta greiðsla (80%) er send í greiðsluferli eftir undirritun samnings.
- Síðasta greiðsla (20%) er send í greiðsluferli eftir að lokaskýrsla hefur verið samþykkt og kynning haldin á verkefninu (sjá nánar hér að neðan). Fyrir verkefni sem hljóta 12.000.000 kr. og hærra er einnig gerð krafa um framvinduskýrslu og er hún skilyrði fyrir lokagreiðslu.

Komi til þess að samanlagðar umsóknir fari fram úr veittum fjárheimildum styrksins, verða styrkir veittir í samræmi við flokkun mats sbr. 5.1. Þær umsóknir sem hljóti hæsta mat fái forgang að styrkveitingu. Við mat umsókna er horft til breiddar í hópi styrkþega. Umsóknir frá aðilum sem ekki hafa áður hlotið styrk Eyvarar geta því fengið aukið vægi. Þá er heimilt að senda inn fleiri en eina umsókn en einungis ein umsókn per umsækjanda getur hlotið styrk. Rannís getur dregið framlagið til baka og krafist endurgreiðslu standi styrkþegi ekki við skuldbindingar sínar og/eða séu vanefndir umtalsverðar gagnvart verkefninu.

6.3 Birting og miðlun niðurstaðna

Netöryggisstyrkur er að hluta til fjármagnaður af Evrópusambandinu og ber styrkþegum að halda kynningu í september 2026 þar sem helstu niðurstöður verkefnisins eru kynntar. Taka

þarf fram í öllum kynningum, birtingum og miðlun á útkomu verkefnisins, að verkefnið sé að hluta til styrkt af Evrópusambandinu og af netöryggisstyrk. Kennimerki (lógó) Eyvarar er notað fyrir netöryggisstyrk og má finna á [vefsíðu styrksins](#) og á [vefsíðu Eyvarar](#). Kennimerki Evrópusambandsins og ítarlegri leiðbeiningar má finna á vefsíðunni [eu-emblem-rules_en.pdf \(europa.eu\)](#). Sjá einnig hér:



**Co-funded by
the European Union**



EYVÖR | NCC-IS

ICELAND CYBERSECURITY
COORDINATION CENTRE



7. Eftirfylgni

Starfsmenn Rannís fyrir hönd Eyvarar annast eftirfylgni verkefna og greiðslur framlaga í umboði stjórnar netöryggisstyrksins. Eins og fram kemur er í 6.2, er umsjónaraðila styrksins heimilt að krefjast endurgreiðslu styrks frá styrkþega, bæði fyrstu greiðslu og lokagreiðslu, hafi hann ekki lokið þeim verkþáttum sem kveðið er á um í verkefni hans innan tilsetts tímamarka. Umsjónaraðila styrksins er jafnframt heimilt að óska eftir framvísun kvittana, greiðslustaðfestinga, launaseðla eða annarra gagna, telji hann tilefni til þess, til að staðfesta réttmæta notkun styrkfjár.

7.1 Verkefnisstjóri og samskipti

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að haldið sé sérstakt kostnaðarbókhald hjá hverjum þátttakanda fyrir verkefni er hljóta stuðning netöryggisstyrks. Verkefnisstjórinn skal á hverjum tíma hafa yfirlit yfir heildarkostnað verkefnisins og skal veita Rannís aðgang að bókhaldsgögnum sé þess óskað. Verkefnisstjórar eru hvattir til að gera viðeigandi breytingar á verkáætlun á verktíma ef það þjónar hagsmunum verkefnisins. Umtalsverðar breytingar á verkáætlun, fjárhagsáætlun eða samstarfsaðilum á verktíma þurfa samþykki umsjónaraðila netöryggisstyrks. Rannís getur dregið framlagið til baka og krafist endurgreiðslu þess ef umtalsverðar breytingar eru gerðar án samþykkis Rannís.

7.2 Lokaskýrsla

Lokaskýrslu fyrir verkefnið skal skila eigi síðar en **20. ágúst 2026** en leyfilegt er þó að skila fyrir sé umfang verkefnis þess eðlis. Lokaskýrslan er fyllt út og skilað inn rafrænt í [rafrænu umsóknarkerfi Rannís](#). Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu verkefnisins og einnig frávikum frá upphaflegri áætlun, ef við á. Hreyfingalisti og sundurliðað kostnaðaryfirlit úr bókhaldi skal fylgja skýrslunni. Allur kostnaður sem fellur til vegna verkefnisins skal tilgreindur í lokaskýrslu. Þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt er ekki hægt að leggja fram frekari kostnað vegna verkefnisins. Áður en lokagreiðsla styrks er veitt, er heimilt að framkvæma kostnaðarúttekt á verkefninu sem getur haft áhrif á styrkveitingu.

7.3 Nánari upplýsingar

Umsjónaraðili netöryggisstyrks hjá Rannís veitir frekari upplýsingar og aðstoð alla virka daga kl. 9:00–15:00 í síma 515 5832. Almennar fyrirspurnir um styrkinn og umsóknir í matsferli má einnig senda á ncc@rannis.is.